

Hvað verður um flíkina?

Í Vestur Afríku, nánar tiltekið Ghana, er stærsti markaður fyrir notuð föt í heiminum og þar er eins konar endastöð fyrir megnið af fötum sem jarðarbúar losað sig við. Þá hafa gámarnir komið við á nokkrum stöðum þar sem endursöluaðilar hafa valið úr það sem þeim hentar. Það er þó einungis markaður fyrir um 60% af fötunum sem Vestur Afríkubúar fá og innviðir þeirra ráða alls ekki við úrganginn sem fötin skapa. Restinni af fötunum er hent, í landfyllingu, út í sjó og eitthvað brennt við ófullnægjandi aðstæður og oft nálægt híbýlum fólks.


Úr grein Borghildar Gunnarsdóttir [Já, þú neyðist líka til að vera þessi týpa](#)

í tilefni af Nægjusömum nóvember 2024

Verkefni:

Besta lausnin til þess að sporna gegn þessu er að breyta neysluhegðun jarðarbúa, draga úr neyslu og hvetja til hringrásarhugsunar.

Hugsaðu um flík sem þú ert hætt/ur að nota, hvernig getur þú haldið þessari flík inn í hringrásinni svo að flíkin endi ekki sem landfylling, í sjónum eða hún brennd með tilheyrandi kostnaði fyrir náttúru og lífverur. Notaðu hringrásarhagkerfið hér til hliðar til stuðnings. Nánari útskýringar á ferlinum má nálgast [hér](#).



Kynntu þér ástandið í Ghana frekar:

[‘It’s like a death pit’: how Ghana became fast fashion’s dumping ground](#)

[Stop dumping your cast-offs on us, Ghanaian clothes traders tell EU](#)